

Viðmið um notkun samfélagsmiðla í starfi félagsmiðstöðva

1. Forstöðumaður ber ábyrgð á samfélagsmiðlum félagsmiðstöðvar og skal kynna sér reglulega skilmála þeirra. Forstöðumaður skal einnig upplýsa börn og starfsfólk um heilbrigða notkun samfélagsmiðla.
2. Verði starfsfólk félagsmiðstöðva vart við óæskilega hegðun eða aðbúnað barns á samfélagsmiðlum ber að tilkynna slíkt til barnaverndar samkvæmt barnaverndarlögum.
3. Myndbirtingar taki mið af: *Viðmiðum skóla- og frístundasviðs um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi* (https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/myndbirting_oppsett_0.pdf).
4. Efni sem sett er inn á samfélagsmiðla félagsmiðstöðvar skal vera í samræmi við áherslur og gildi sem birtast í starfsskrá frístundamiðstöðva í Reykjavík.
5. Rafræn samskipti við börn og foreldra skulu fara fram í gegnum miðla félagsmiðstöðvarinnar á vinnutíma. Samtöl við börn skulu helst fara fram augliti til auglitis á vettvangi félagsmiðstöðvar, sérstaklega þegar um viðkvæm málefni er að ræða.
6. Mælt er gegn því að starfsmenn tengist börnum og foreldrum í félagsmiðstöðinni á sínum persónulegu samfélagsmiðlum eða veki athygli barna og foreldra á eigin opnu samfélagsmiðlum ef um slíkt er að ræða.
7. Forstöðumanni ber að upplýsa starfsfólk um víðtækt hlutverk sitt sem fyrirmynd og siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar, þá sérstaklega með tilliti til eigin samfélagsmiðlanotkunar (<https://innri.reykjavik.is/skola-og-fristundasvid/lid-sidareglur-starfsmanna>).

Endurskoðun viðmiða

Endurskoðunarnefnd leggur til að þessi viðmið verði endurskoðuð af forstöðumannaráði félagsmiðstöðva í upphafi hvers starfsárs.